

Lævis leikur

(Malice) ★★
 Handrit: Aaron Sorkin og Scott Frank.
 Framleiðendur: Rachel Pfeffer, Charles Mulvehill og Harold Becker.
 Leikstjóri: Harold Becker.
 Aðalhlutverk: Nicole Kidman, Alec Baldwin, Bill Pullman, Peter Gallagher, Bebe Neuwirth, Anne Bancroft og George C. Scott.
 Regnboginn.
 Bönnuð innan 16 ára.

Andy (Pullman) og Tracy (Kidman) eru ung hjón sem nýflutt eru inn í gamalt hús. Til að grynna á skuldum leigja þau gömlum skólafélaga Andys, læknumin Jed Hill (Baldwin), sem nýkominn er til starfa á sjúkrahúsi bæjarins. Andy er skólastjóri en nauðgari gengur laus og fórnarlömb hans

eru nemendur í skólanum. Þegar Tracy veikist er hún flutt með hraði á sjúkrahúsið og gengst undir aðgerð sem Jed framkvæmir. Til að bjarga lífi hennar þarf hann að fjarlægja báða eggjastokka hennar og nokkurra vikna gamalt fóstur. Eftir á kemur í ljós að hann gerði mistök og fer Tracy í mál við hann og skilur síðan við Andy. Fyrir tilviljun kemst Andy að því að hann gat ekki átt barnið vegna þess að hann er ófrjór. Hann fer þá að grennslast fyrir um Tracy og sér fljótlega að hún hefur ýmislegt á samviskunni.

Sögubráðurinn er ekki eins flókinn og hann lítur út fyrir að vera.

KVIKMYNDIR ÖRN MARKÚSSON

Helsti gallinn við söguna er að hún er alltof fyrirsjáanleg. Reyndir spennufiklar eiga ekki í nokkrum vandræðum með að spá í framvinduna. – Þetta er frekar sorglegt því hugmyndin er ágæt og vel hefði mátt vinna frambærilegri sögu úr henni. Nauðgarinn er eiginlega aukasaga en Becker klúðrar henni á sama hátt og hann klúðraði morðgátunni í Sea of Love, sem hann leikstýrði einnig, með því að nota nokkuð þekktan aukaleikara til að leika nauðgarann, leikara sem aldrei hefur leikið neitt annað en krimma. Um leið og hann sést á tjaldinu veit maður hver

nauðgarinn er. Becker nær þó að ná upp góðri spennu við og við en eins og áður sagði er fremur auðvelt að ráða í framvinduna þannig að spennan varir sjaldan lengi.

Það bjargar miklu hér að leikararnir standa sig vel. Alec Baldwin hefur ekki náð sér jafn vel á strík í langan tíma og það sama má segja um Nicole Kidman. Meira að segja Bill Pullman er nokkuð góður þótt hann teljist varla með eftirtektarverðri leikurum. Anne Bancroft stelar síðan auðveldlega senunni í litlu hlutverki en eftirminnilegu.

Lævis leikur veldur nokkrum vonbrigðum því þótt Sea of Love, síðasta mynd Beckers, hafi ekki verið gallalaus þá lofaði hún góðu. Góður leikhópur gerir þessa mynd að frambærilegu myndbandsföbri.

APÓTEK

Kvöld-, nætur- og helgidagavarsla apóteka í Reykjavík frá 1. til 7. apríl er í Laugavegi apóteki og Árbæjar apóteki. Það apótek sem fyrr er nefnt annast eitt vörsluna frá kl. 22.00 að kvöldi til kl. 9.00 að morgni virka daga en kl. 22.00 á sunnudögum. Upplýsingar um lækni- og lyfjapjónustu eru gefnar í síma 18888.

Neyðarvakt Tannlæknafélags Íslands er starfrækt um helgar og á stórhátíðum. Símsvari 681041.
 Hafnarfjörður: Hafnarfjarðar apótek og Norðurbæjar apótek eru opin á virkum dögum frá kl. 9.00-18.30 og til skiptis annan hvern laugardag kl. 10.00-13.00 og sunnudag kl. 10.00-12.00. Upplýsingar í símsvara nr. 51600.

Akureyri: Akureyrar apótek og Stjórn apótek eru opin virka daga á opnunartíma búða. Apótekin skiptast á sína vikuna hvort að sinna kvöld-, nætur- og helgidagavörslu. Á kvöldin er opið í því apóteki sem sér um þessa vörslu, til kl. 19.00. Á helgidögum er opið frá kl. 11.00-12.00 og 20.00-21.00. Á öðrum tímum er lyfjafraeðingur á bakvakt. Upplýsingar eru gefnar í síma 22445.
 Apótek Keflavíkur: Opið virka daga frá kl. 9.00-19.00. Laugard., helgidaga og almenna frídaga kl. 10.00-12.00.
 Apótek Vestmannaeyja: Opið virka daga frá kl. 8.00-18.00. Lokað í hádegjuna milli kl. 12.30-14.00.
 Selfoss: Selfoss apótek er opið til kl. 18.30. Opið er á laugardögum og sunnudögum kl. 10.00-12.00.
 Akranes: Apótek bæjarins er opið virka daga til kl. 18.30. Á laugard. kl. 10.00-13.00 og sunnud. kl. 13.00-14.00.
 Garðabær: Apótekið er opið rúmhelga kl. 9.00-18.30, en laugardaga kl. 11.00-14.00.

ALMANNATRYGGINGAR

HELSTU BÓTAFLOKKAR:
 1. apríl 1994.

Mánaðargreiðslur

Elliförorkullifeyrir (grunnlifeyrir).....	12.329
1/2 tjónallifeyrir	11.096
Full tekjutrygging ellilífeyrisþega	22.684
Full tekjutrygging örorkulífeyrisþega	23.320
Heimilisuppbót	7.711
Sérstök heimilisuppbót	5.304
Barnalífeyrir v/1 barns	10.300
Meðlag v/1 barns	10.300
Mæðralaun/feðralaun v/1 barns	1.000
Mæðralaun/feðralaun v/2ja barna	5.000
Mæðralaun/feðralaun v/3ja barna eða fleiri	10.800
Ekkjubætur/ekklisbætur 6 mánaða	15.448
Ekkjubætur/ekklisbætur 12 mánaða	11.583
Fullur ekkjubætur	12.329
Dánarbætur í 8 ár (v/slysa)	15.448
Fæðingarstyrkur	25.090
Vasapeningar vistmanna	10.170
Vasapeningar v/sjúkratrygginga	10.170

Daggreiðslur

Fullir fæðingardagpeningar	1.052,00
Sjúkradagpeningar einstaklings	526,20
Sjúkradagpeningar fyrir hvert barn á framfæri	142,80
Slysdagpeningar einstaklings	665,70
Slysdagpeningar fyrir hvert barn á framfæri	142,80

GENGISSKRÁNING

06. apríl 1994 kl. 10.52

	Opln. Kaup	viðm. gengi Sala	Gengi str. fundar
Bandaríkjadóllar	72,62	72,82	72,72
Sterlingspund	106,65	106,95	106,80
Kanadadóllar	52,52	52,70	52,61
Dönsk króna	10,818	10,850	10,834
Norsk króna	9,774	9,804	9,789
Sænsk króna	9,120	9,148	9,134
Finnsk mark	13,086	13,126	13,106
Franskur franki	12,397	12,435	12,416
Belgískur franki	2,0553	2,0619	2,0586
Svissneskur franki	50,21	50,37	50,29
Hollenskt gyllini	37,74	37,86	37,80
Þýskt mark	42,35	42,47	42,41
Ítösk líra	0,04377	0,04391	0,04384
Austurrískur sch	6,019	6,037	6,028
Portúg. escudo	0,4181	0,4195	0,4188
Spánskur peseti	0,5236	0,5254	0,5245
Japanskt yen	0,6939	0,6959	0,6949
Írskt pund	102,56	102,90	102,73
Sérst. dráttar	101,36	101,66	101,51
ECU-Evrópumynt	81,86	82,12	81,99
Grísk drakma	0,2886	0,2896	0,2891

KROSSGÁTA

1	2	3	4	5	6
7			8		
9			10		
		11			
12	13			14	15
16			17		
18			19		

51. Lárétt

1 flissaði 4 fugl 7 stírdleika 8 káma 9 lítilsverður 11 gljúfur 12 góðvild 16 hegðun 17 jarðsprunga 18 drottinn 19 dropi

Lóðrétt

1 garmur 2 bindiefni 3 baldið 4 verðskuldað 5 svif 6 merki 10 hækkun 12 mild 13 svelg 14 dýrahljóð 15 skop

Lausn á síðustu krossgátu

Lárétt

1 sog 4 skó 7 öfl 8 áar 9 gnóltra 11 gót 12 hagkast 16 átu 17 róa 18 far 19 ill

Lóðrétt

1 sög 2 ofn 3 glöggur 4 sáttari 5 kar 6 óra 10 lög 12 háf 13 ata 14 sól 15 tal

ESSO ULTRON

Oliufélagið hf. (Esso) hefur sett á markað héraðs nýja bílasmurolíu, ULTRON.

ULTRON-smurolían er „al-syntetísk“, þ.e.a.s. hún er að öllu leyti úr tilbúnum efnum, sem þýðir að hver einasta sameind hennar er „klæðskerasaumud“ eftir kröfum vélaframleiðenda.

ULTRON-smurolían er framleidd í seigjuflokkun nútímans, SAE 5W/40. SAE 5W þýðir að olían er þunnfljótandi í heljarfrosti og rennslismark hennar er neðan við fimmtíu stiga frost. Það tryggir örugga smurningu um leið og vélin er ræst. Í reynsluvél frá Mercedes-Benz við staðalaðstæður

var ULTRON-olían komin á alla slitfleti vélarinnar innan við sekúndu eftir að byrjað var að ræsa hana. SAE 40 þýðir að eftir að vélin er orðin heit veitir olían fulla slitvörn við jafnvel verstu aðstæður, ásamt mjög góðri þéttingu með stimplum.

ULTRON-smurolían hefur mun meira hitaþol en gengur og gerist, vegna þess að hún er að öllu leyti úr tilbúnum efnum. Vegna ólífræna eiginleika sinna helst ULTRON-olían óbreytt milli olíuskipta, þ.e. hún rýrnar ekki og hana þarf því einungis að endurnýja vegna þeirra óhreininda sem í hana kunna að koma



við notkun, t.d. úr umhverfinu og vegna óbrunninna eldsneytisleifa. Ólían heldur óhreinindum og útfellingum í vélum í algjöru lágmarki. Í reynsluvél, sem keyrd var við erfiðar aðstæður 80.000 kílómetra, voru nánast engin óhreinindi eða útfellingar.

Í þessari nýju olíu er nýtt viðnámsminkandi bætiefni, sem er 25% sleipara en bestu viðnámsminkandi bætiefni hafa verið fram til þessa. ULTRON-olían sparar því eldsneyti svo um munar. Hún er framleidd með notkun nýjustu þriggja stiga hvarfakúta í huga. Með ULTRON-smurolíu á vélinni eyða þessir kútar um það bil 95% af skadlegum útblæstri (NOX, HC og CO).

ULTRON-smurolían er ætluð á bensín- og díselvélar í fólksbílum og jeppum. Hún uppfyllir riflega allar kröfur sem gerðar eru til gæða smurolíu í þeim flokkum.

Sem sagt, ESSO ULTRON þegar vanda skal valið. ESSO ULTRON fæst á öllum bensín- og smurstöðvum ESSO.

DAGBÓK

Fimmtudagur
7
 apríl

97. dagur ársins - 268 dagar eftir.
 14. vika
 Sólaris kl. 6.25
 sólarlag kl. 20.37
 Dagurinn lengist um 7 mínútur

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Bridskeppni, tvímenningur, kl. 13 í dag í Risinu, Hverfisgötu 105.

Almanakshappdrætti Proskahjálpar

Útdregin númer í almanakshappdrætti Landssamtakanna Proskahjálpar í mars 1994 eru eftirfarandi: 10794, 5228 og 13613.

Margrét Sveinsdóttir sýnir í Gallerí 1 1

9. til 25. apríl nk. verður sýning á olíumálverkum Margrétar Sveinsdóttur í Gallerí 1 1, að Skólavörðustíg 4 í Reykjavík.

Margrét útskrifaðist úr málara-deild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1988 og var við framhaldsnám við Valands Konsthögskola, Göteborgs Uni-

versitet, 1988-1990.

Þetta er fyrsta einkasýning Margrétar í Reykjavík, en áður hefur hún haldið einkasýningar í Gautaborg og Stokkhólmi og tekið þátt í samsýningum á Ísafirði, í Gautaborg og Stokkhólmi.

Opnun sýningarinnar verður laugardaginn 9. apríl n.k. kl. 16-18, en sýningin verður opin frá kl. 14-18 aðra daga.

Fyrirlestur á Hótel Sögu:

Rússland á barmi öngþveitis?

Laugardaginn 9. apríl flytur Christopher N. Donnelly, sérfræðingur NATO í málefnum Rússlands, erindi á sameiginlegum hádegisverðarfundum Samtaka um vestræna samvinnu (SVS) og Varðbergs í Áttahagsal Hótel Sögu. Salurinn verður opnaður klukkan 12.

Christopher N. Donnelly er fæddur í Bretlandi árið 1946. Hann stundaði nám í rússneskum og sovéskum fræðum í háskólanum í Manchester á árunum 1966 til 1969. Að námi loknu starfaði hann sem fyrirlesari í hinum konunglega herskóla Sandhurst í Englandi til 1973, og frá 1979 til 1989 var hann framkvæmdastjóri skólans. Frá árinu 1989 hefur hann verið aðalráðgjafi Atlantshafsbandalagsins í málefnum Austur-Evrópu.

Það hefur ekki farið framhjá þeim, er fylgjast með alþjóðamálum, að mikil ringulreið ríkir í Rússlandi og fyrrum ríkjum gömlu Sovétríkjanna. Fáir menn á Vesturlöndum þekkja jafn vel til innviða hins austur-evrópska

stjórnmálaheims og Christopher N. Donnelly.

Fundurinn er opin félagsmönnum SVS og Varðbergs og öðrum þeim er áhuga hafa á þróun öryggis- og stjórnmála í Evrópu. Skorað er á félagsmenn að fjölmenna.

Kjarvalsstaðir: Sýningar Huldu Hákon og Ólafs Gíslasonar

Laugardaginn 9. apríl verða opnaðar að Kjarvalsstöðum sýningar á verkum Huldu Hákon í vestursal og Ólafs Gíslasonar í midsal.

Hulda Hákon er fædd 1956. Hún nam í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og síðan í School of Visual Arts í New York. Hún hélt sína fyrstu einkasýningu í Hafnarfirði 1984 og hefur undanfarin 10 ár tekið virkan þátt í íslensku listalífi, haldið fjölmargar einkasýningar á Íslandi, Norðurlöndum og í Þýskalandi og tekið þátt í samsýningum víða. T.d. átti hún verk á 8. Sydney-tvíæringnum 1990, tók þátt í sýningunni Aldarlok í Moskvu sama ár, og íslenskri kvennasýningu á Kvennalistasafninu í Bonn sl. sumar.

Hulda hefur undanfarin ár mest unnið við gerð lágmynda, þar sem hún vinnur saman mynd og texta. Í lágmyndum sínum hefur hún sett manneskjuna í öndvegi og gert ýmsa þætti mannegrar tilveru að viðfangsefni sínu. Á einkasýningu Huldu að Kjarvalsstöðum er umfjöllunarefni hennar þó af öðrum toga, en hún sýnir myndir af eldi og blómum bæði

í þrívídd og í málverki. Í tilefni sýningarinnar er gefin út sýningarskrá með texta eftir dr. Michael Glasmeier.

Ólafur Gíslason er fæddur 1962. Hann stundaði framhaldsnám í Hochschule für bildende Künste í Hamborg og lauk námi 1988. Hann hefur haldið einkasýningar í Reykjavík og víða erlendis og tekið þátt í samsýningum. Hann átti m.a. verk á norrænu samsýningunni „Blue Transparency“, sem sýnd var víða á söfnunum í Suður-Ameríku.

Sýning Ólafs Gíslasonar í miðrymi Kjarvalsstaða ber heitið „Vernissage“. Orðið Vernissage er dregið af frönsku sögninni vernis, sem merkir „að lakka“. Í nútímamáli þýðir það einkum „sýningaropnun“, en gat líka haft merkinguna „að skoda myndir áður en þær eru lakkðar“ og vísar þá til þess þegar listamenn buðu vinnu og kunningjum að skoda verk sín áður en sjálf sýningin hófst. Gestirnir gátu þá gert athugasemdir við verkin og listamennirnir jafnvel breytt þeim á síðustu stundu, ef þeir kærðu sig um. Þessi sýning Ólafs er þriðja sýning hans um þetta þema, þar sem hefð sýningaropnunarinnar er orðinn formlegur og efnislegur grunnur sjálfrar sýningarinnar.

Í austursal eru sýnd verk eftir J.S. Kjarval úr eigu Reykjavíkurborgar.

Í vestursal stendur yfir ljóðasýning. Að þessu sinni eru það ljóð Ólafs Kárasonar sem sýnd eru.

Allar þessar sýningar standa yfir til 8. maí og eru opnar daglega frá kl. 10-18.